

Fundargerð 362. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2014, föstudaginn 17. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Guðmundur Kristjánsson. Gísli Gíslason boðaði forföll.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Upplýsingagjöf frá Vegagerðinni. - 1310079HA

Hreinn Haraldsson forstjóri Vegagerðarinnar og Sigurður Áss Grétarsson forstöðumaður hjá Vegagerðinni mættu á fundinn til að ræða málefni hafna.

Rætt um þær breytingar sem hafa orðið á umhverfi hafna seinustu ár og þá sérstaklega ríkisstyrki. Einnig rætt um mikilvægi góðrar samvinnu milli hafnasambandsins og Vegagerðarinnar.

2. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2013 - 1301023HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 361. fundar frá 13. desember 2013.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

3. Efnahagsleg áhrif íslenskra hafna - 1211016HA

Lögð fram drög að skýrslu um efnahagsleg áhrif íslenskra hafna.

Til kynningar.

4. Fagráð um hafnamál - óskað tilnefningar - 1312025HA

Lagt fram bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 10. desember 2013, þar sem óskað var eftir tilnefningu í fagráð um hafnamál. Einnig lagt fram tilnefningabréf hafnasambandsins en þar kemur fram að Hafnasamband Íslands tilnefnir Ásthildi Sturludóttur, bæjarstjóra í Vesturbyggð og Svein Valgeirsson, forstöðumann Vestamannaeyjarhafnar í fagráðið.

Til kynningar.

5. Hafnasambandsþing 2014 - 1312035HA

Rætt um undirbúning hafnasambandsþings sem verður haldið 3.-5. september 2014 í Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð.

Formanni fræðslunefndar og starfsmanni falið að hefja undirbúning fyrir hafnasambandsþingið.

6. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA

Lagðar fram bráðabirgðaniðurstöður úr vinnustofu sem Sjávarklasinn hélt 15. nóvember 2013 í tengslum við langtímastefnu fyrir hafnir landsins. Einnig lagðar fram grófar niðurstöður úr netkönnun sem sjávarklasinn framkvæmdi fyrir hafnasambandið.

Til kynningar.

7. Tillögur að breyttum reglum um skráningu og vigtun sjávarafla - óskað umsagnar - 1312031HA

Lagt fyrir bréf frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 13. desember 2013, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins um tillögur að breyttum reglum um skráningu og vigtun sjávarafla. Einnig lögð fram bréf frá hafnarsjóðum en þeir fengu færi á að senda hafnasambandinu sínar athugasemdir við breytingarnar.

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir yfir ánægju sinni með viðleitni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til að koma til móts við ályktanir hafnasambandsþinga, til margra ára. Með þessum tillögum er verið að reyna að minnka þann kostnað sem hafnir verða fyrir við vigtun sjávarafla en stjórn hafnasambandsins hefur þó áhyggjur af kostnaðarmatinu þar sem hún telur að þessar breyttu reglur muni hafa í för með sér umtalsverðan stofnkostnað fyrir hafnir landsins.

Að auki vill stjórn Hafnasambands Íslands lýsa yfir ánægju sinni með að tillögurnar berist á þessu vinnslustigi en nauðsynlegt er að vinna þessar tillögur áfram í samráði við helstu hagsmunaaðila.

Már sagði frá fundi sem hann átti með fulltrúum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um fyrirhugaðar breytingar á reglum um vigtun sjávarafla.

8. Útgáfa hafna á hafnleguvottorðum - 1401027HA

Lagt fram bréf frá Má Sveinbjörnssyni, dags. 13. janúar 2014, um hafnleguvottorð. Einnig lagt fram hafnleguvottorð frá Ísafjarðarhöfn.

Misjafnt er hvernig útgáfu hafnleguvottorða er háttað hjá höfnum landsins. Starfsmanni falið að kanna málið betur.

9. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003, með síðari breytingum (ríkisstyrkir o.fl.).

Til kynningar.

Formanni falið að óska eftir fundi með ráðherra til að ræða málefni hafna.

10. Frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum. - 1401045HA

Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varða losun og móttöku úrgangs frá skipum.

Til kynningar.

Fundi var slitið kl. 13:40

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Guðmundur Kristjánsson

Valur Rafn Halldórsson